



ADALSKIPULAG RANGÁRÞINGS YTRA 2016-2028

Búrfellslundur - vindorkuver

30.03.2023

VINNSLUTILLAGA – til kynningar



SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Rangárbings ytra _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun _____

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

102380-02-GRG-001-V04

HÖFUNDUR

Kamma Dögg Gísladóttir / Anna Bragadóttir

RÝNT

Ingibjörg Sveinsdóttir/Ásgeir Jónsson

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	4
Fyrirhuguð framkvæmd	4
Staðhættir og aðkoma	5
Deiliskipulag	6
BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	7
Stefna í greinargerð gildandi skipulags	7
Stefna í greinargerð í breyttu skipulagi	8
Breyting á uppdrætti	8
NIÐURSTAÐA UMHVERFISMATS ÁÆTLANA	9
MÁLSMEDFERÐ	10
Skipulags- og matslýsing	10
Vinnslutillaga	11
Tillaga	11
Umsagnaraðilar	11
UPPDRÁTTUR	12

TÖFLUSKRÁ

TAFLA 1. Samanburður valkosta	10
-------------------------------	----

INNGANGUR

Sett er fram breyting á Aðalskipulagi Rangárbings ytra 2016-2028, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breyting aðalskipulags verður kynnt og auglýst samhliða tillögu að deiliskipulagi svæðisins. Gerð verður sameiginleg umhverfisskýrsla fyrir báðar skipulagstillögurnar.

Breytingin er gerð í samráði við Landsvirkjun, vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar vindorkuvers við Vaðöldu. Um er að ræða hraun- og sandsléttu austan við Sultartangastöð og sunnan við Sultartangalón. Vindorkuverið hefur borið vinnuheitið Búrfellslundur. Breytingin felst í að afmarka iðnaðarsvæði fyrir allt að 120 MW vindorkuver sem er kominn í orkunýtingarflokk, sbr. þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða nr. 24/152.

Tvö deiliskipulög eru í gildi sem ná yfir hluta iðnaðarsvæðisins.

Fyrirhuguð framkvæmd fellur í A flokk skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, n.t.t. í lið 3.02:

- Öll orkuver með 10 MW uppsett rafafli eða meira. Jarðvarmavirkjanir og önnur varmaorkuver með 50 MW uppsett varmafl eða meira.

Í flokki A eru tilgreindar þær framkvæmdir sem ávallt eru háðar umhverfismati. Mati á umhverfisáhrifum Búrfellslundar lauk í desember 2016. Þar var fjallað um möguleg umhverfisáhrif fyrir allt að 200 MW vindorkuver. Álit Skipulagsstofnunar¹ liggur fyrir og hefur verið gerð ný útfærsla af verkefninu í samræmi við athugasemdir og ábendingar sem bárust í álit Skipulagsstofnunar við umhverfismatið og við ferli 3. áfanga rammaáætlunar. Afmarkað hefur verið minna svæði en umhverfismatið gerði ráð fyrir og er nú gert ráð fyrir allt að 120 MW vindorkuveri. Svæðið er innan þess sem rannsakað var í mati á umhverfisáhrifum árið 2016.

Í samráði við sveitarfélagið og forsætisráðuneytið verður stofnuð lóð/lóðir undir mannvirki á svæðinu.

Skipulagsgögn eru greinargerð þessi með uppdrætti aftast.

Fyrirhuguð framkvæmd

Í gildandi aðalskipulagi er svæðið að mestu skilgreint sem skógræktar- og landgræðslusvæði. Innan svæðisins hefur verið unnið að landgræðslu og er það hluti af verkefni sem nefnist Hekluslógar. Með breytingu aðalskipulags verður rúmlega 19 km² svæði breytt í iðnaðarsvæði, samhliða því sem um 1 ha svæði (I19) verður fellt niður og verður það innan nýs iðnaðarsvæðis. Uppsetning vindmylla á svæðinu kemur ekki í veg fyrir áframhaldandi landgræðslu. Á fyrirhuguðu iðnaðarsvæði er gert ráð fyrir að staðsetja allt að 30 vindmyllur með allt að 120 MW af uppsettu heildarafli. Áætluð turnhæð vindmylla er allt að 95 m og hámarkshæð vindmylla þegar spaðar eru í efstu stöðu verði allt að 150 m.

¹ <https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1180/201507054.pdf>

Rannsóknir sýna að staðsetningin er ákjósanleg til raforkuvinnslu með vindorku. Háspennulínur, efnistökusvæði, vegir og önnur mannvirki eru þegar til staðar. Fyrirhugað er að tengja saman og safna raforku frá vindmyllum eftir jarðstrengjum að nýju tengivirki innan svæðisins. Verið er að skoða hvar hentugast er að tengjast við flutningskerfið en Landsnet ber ábyrgð á megin flutningskerfi raforku á Íslandi, og tekur ákvörðun um hvernig tengingu verður háttáð. Þeir staðir sem helst eru til skoðunar eru þar sem Hrauneyjafosslína 1 og Sigöldulína 3 mætast, eða þar sem Búðarháslína 1 mætir Hrauneyjafosslínu 1.

Fyrirhugað er að tengja saman og safna raforku frá vindmyllum eftir jarðstrengjum að safnstöð innan svæðisins. Reynt verður að staðsetja safnstöð þannig að lengd strengja verði sem styst og lágmarka þannig orkutap í strengjunum.

Þjórsárdalsvegur nr. 32 liggur að og meðfram svæðinu en verður svo að Sprengisandsleið nr. 26. Báðir vegir eru með bundið slitlag þar sem þeir liggja meðfram svæðinu. Auk þeirra vega þarf að leggja vegslóða innan iðnaðarsvæðis og útbúa vinnuplan fyrir hverja vindmyllu. Hvert vinnuplan þarf að vera nægilega stórt til að kranar til að reisa vindmyllur geti athafnað sig, eða allt að 1.200 m². Vegirnir verða hannaðir samkvæmt veghönnunarreglum Vegagerðarinnar og er gert ráð fyrir D4 vegtegund sem er vegur með einni akrein með útskotum. Auk þess þurfa vegirnir að uppfylla kröfur sem gerðar eru til þungaflutninga. Vegirnir koma til með að gegna hlutverki til framtíðar sem þjónustu- og viðhaldsvegir. Áætlað er að allt að 0,3 km² (30 ha) af svæðinu muni raskast vegna uppbyggingar mannvirkja s.s. vindmylla, vinnuplana, slóðagerð, lagningu jarðstrengja o.fl. Á framkvæmdatíma þarf að koma upp aðstöðu innan svæðisins fyrir verktaka, þ.e. verkstæðis- og starfsmannaaðstöðu, steypustöð o.fl. en áætlað er fjarlægja þá aðstöðu að miklu leyti að lokinni uppsetningu vindmylla.

Uppsetning vindmylla og annars búnaðar verður að mestu gerð með bílkrönum. Áætluð undirstaða fyrir hverja vindmyllu er á bilinu 18-25 m í þvermál, annað hvort hringlaga eða átthyrndar með steipt rúmmál oft um 600-700 m³ undir hverja vindmyllu. Undirstöðurnar verða að mestu undir yfirborði fyrir utan efsta hlutann sem er að þvermáli örlítið stærra en þvermál neðsta hluta vindmyllanna sem er fest þar ofan á.

Uppsetning vindmylla á svæðinu kemur ekki í veg fyrir áframhaldandi landgræðslu. Stöðvun jarðvegsrofs og sandblásturs getur aukið rekstraröryggi vindmyllanna og mun Landsvirkjun leggja áherslu á áframhaldandi landgræðslustarf á svæðinu.

Staðhættir og aðkoma

Skipulagssvæði vindorkuvers er um 17,1 km², liggur austan Þjórsár og norðan Búrfells, á hraun- og sandsléttunni umhverfis Vaðöldu. Svæðið er fjarri byggð en liggur vel við nauðsynlegum innviðum. Í næsta nágrenni svæðisins hafa verið starfræktar aflstöðvar til orkuvinnslu allt frá árinu 1969. Sjö vatnsaflsstöðvar í eigu Landsvirkjunar eru á Þjórsár- og Tungnaárvæðinu, þar með taldar Sultartangastöð og Búrfellsstöð ásamt tilheyrandi flutningsmannvirkjum, vegum, frárennisskurðum, lónum og stíflumannvirkjum. Skammt norðan Búrfellsstöðvar og vestan tilvonandi framkvæmdasvæðis, rekur Landsvirkjun tvær vindmyllur í rannsóknarskyni. Innviðir til raforkuflutnings eru til staðar en á svæðinu eru tvö tengivirki í eigu Landsnets, tengivirki við Sultartangastöð og tengivirki við Búrfellstöð. Í gegnum svæðið liggja háspennulínur; Sigöldulína 3 og Hrauneyjafosslína 1. Auk þess er heimilt að reisa Búðarháslínu 1 samhliða hinum tveimur. Í jaðri svæðisins að sunnanverðu liggur Þjórsárdalsvegur (*nr.*

32) sem sameinast Sprengisandsleið (nr. 26) og liggur í jaðri svæðisins að austanverðu. Fyrirhugað svæði flokkast því ekki sem óbyggt víðerni samkvæmt skilgreiningu laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Búrfellslundur er í jaðri Suðrhálendisins. Á Suðrhálendinu eru margir af fjölsóttustu ferðamannastöðum hálendisins. Í nærumhverfinu eru m.a. Þjórsárdalur, Gjáin, Háifoss, Hekla og Fossabrekkur. Fjær eru til að mynda Landmannalaugar, Veiðivötn og Friðland að Fjallabaki. Þá eru þar jafnframt margar fjölfarnar ferðaleiðir á hálendinu, svo sem leiðin um Dómadal til Landmannalauga, leiðin um Fjallabak nyrðra og Sprengisandsleið. Vinsælustu ferðamannastaðirnir í grennd við fyrirhugaðan Búrfellslund eru Þjórsárdalur, Rangárbotnar, Hekla og Dómadalsleið. Áfangagil og Hólaskógur eru einnig vinsælir áfangastaðir ferðamanna, sérstaklega hesta- og göngufólks. Auk þess er skálinn Hald og Hálendismiðstöðin Hrauneyjar skammt frá.


Nánari lýsing á umhverfi og staðháttum má sjá í umhverfismatskýrslu ásamt tengslum við fyrirbyggjandi áætlanir.

Deiliskipulag

Innan nýs iðnaðarsvæðis eru tvö deiliskipulög í gildi. Gert er ráð fyrir að annað þeirra haldi sér óbreytt en breyta þarf hinu skipulaginu til samræmis við breytt aðalskipulag.

Deiliskipulag Sultartangavirkjunar


Samþykkt 21 maí 2021. Skipulagið tekur til Sultartangastöðvar og mannvirkja hennar. Á þessu stig er ekki gert ráð fyrir að gerð verði breyting á deiliskipulaginu.



Mynd 1. Yfirlitsuppdráttur deiliskipulags Sultartangavirkjunar

Búðarhálsvirkjun / Búðarhálslína

Deiliskipulag var samþykkt í B-deild 19 júní 2001 og veruleg breyting samþykkt 19. júní 2012. Gerð verður breyting á afmörkun skipulagssvæðisins á þá leið að skipulagsmörk þess verði alfarið utan nýja iðnaðarsvæðisins og nýtt deiliskipulag fyrir vindorkuverið mun taka yfir þá skilmála sem nauðsynlegt er að halda inni.



Mynd 2. Gildandi deiliskipulag Búðarhálsvirkjunar og Búðarhálslínu 1, breyting frá 2012.

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Gerð verður breyting á greinargerð og á skipulagsuppdraetti fyrir afrétt. Breytingin fellst í því að breyta landnotkun úr óbyggðu svæði og skógræktar- og landgræðslusvæði í iðnaðarsvæði. Auk þess verður iðnaðarsvæði (I19) sameinað nýju iðnaðarsvæði.

Stefna í greinargerð gildandi skipulags

Breytt aðalskipulag hefur áhrif á skógræktar- og landgræðslusvæði sem minnkar nokkuð. Óbyggð svæði minnka einnig lítillega auk þess sem núverandi iðnaðarsvæði I19 verður fellt út og verður hluti af nýju iðnaðarsvæði.

Í kafla **2.3.2 Skógræktar- og landgræðslusvæði** er breyting gerð á töflu yfir skógræktar- og landgræðslusvæði og það minnkað.

NR.	HEITI	LÝSING
SL26	Árskógar	Landgræðslusvæði, stærð svæðis er um 20.736 ha.

Í kafla **2.3.7 Iðnaðarsvæði** er breyting gerð á töflu yfir iðnaðarsvæði í sveitarfélaginu og er eftirfarandi svæði fellt út:

NR.	HEITI	LÝSING	JARÐIR
I19	Yfirfall Sultartangalóns	Yfirfall, stíflur og leiðigarðar Sultartangalóns. Stærð svæðis er um 1 ha.	Afréttur

Stefna í greinargerð í breyttu skipulagi

Í kafla **2.3.2 Skógræktar- og landgræðslusvæði** er breyting gerð á töflu yfir skógræktar- og landgræðslusvæði í sveitarfélaginu. Stærð SL26 er minnkað.

NR.	HEITI	LÝSING
SL26	Árskógar	Landgræðslusvæði, stærð svæðis er um 19.063 ha.

Í kafla **2.3.7 Iðnaðarsvæði** er breyting gerð á töflu yfir iðnaðarsvæði í sveitarfélaginu. Svæði I19 er felld út og verður hluti af svæði I25 sem er nýtt iðnaðarsvæði.

NR.	HEITI	LÝSING	JARÐIR
I25	Búrfellslundur	<p>Vindorkuver, vinnsla allt að 120 MW, að hámarki 30 vindmyllur. Hámarks turnhæð getur verið allt að 95 m og hámarkshæð vindmyllu með spaða í hæstu stöðu getur verið allt að 150 m.</p> <p>Við hönnun og útfærslu skal leitast við að hafa vegi og plön ekki umfangsmeiri en nauðsyn krefur og liggi sem mest á gróðurlitlum svæðum. Nýta skal svarðlag í frágang þar sem raska þarf gróðri. Efni til vega- og mannvirkjagerðar verður tekið úr skilgreindum námusvæðum í nágrenninu sem eru á aðalskipulagi. Einnig verður efni úr uppgreftri innan iðnaðarsvæðis nýtt.</p> <p>Innan svæðis er heimilt að setja upp steypustöð, geymslusvæði og aðstöðu verktaka vegna uppsetningar, viðhalds og síðar niðurrif vindmylla.</p> <p>Fjarlægð vindmylla frá loftlínunum skal vera að lágmarki summa turnhæðar og þvermál spaða. Fjarlægðin er því breytileg eftir vindmyllum en gert ráð fyrir að hún verði að lágmarki 200 m. Fjarlægð vindmylla frá vegum skal vera að lágmarki 150 m.</p> <p>Áfram er heimiluð landgræðsla á svæðinu, þar með talið lágreistur birkigróður. Heimilt er að setja upp áningarstað ásamt aðstöðu fyrir ferðafólk til dagdvalar þar sem tekið er tillit til rekstraröryggis vindorkuversins. Heimilt er að gera göngu-, hjóla og reiðleiðir um svæðið.</p> <p>Innan svæðisins er yfirfall Sultartangalóns, stíflur og leiðigarðar Sultartangalóns. Stærð svæðis er um 17,1 km².</p> <p>Skipulag verður nánar útfært í deiliskipulagi.</p>	Landmann afréttur - þjóðlenda

Breyting á uppdrætti

Á sveitarfélagsuppdrætti - Afréttir er afmarkað iðnaðarsvæði sem fær númerið I25 og iðnaðarsvæði I19 felld út og verður hluti af I25. Skógræktar- og landgræðslusvæði SL26 minnkar.

NIÐURSTAÐA UMHVERFISMATS ÁÆTLANA

Á skipulagssvæðinu og svæðum annarra valkosta má finna jarðmyndanir sem búa yfir sérstakri vernd samkvæmt lögum um náttúruvernd, en þessar jarðmyndanir eru ekki sýnilegar á yfirborði og telst verndargildi þeirra því minna, auk þess sem svæðið er nú þegar raskað. Áhrif aðalskipulagsbreytingarinnar á jarðmyndanir eru því metin óveruleg.

Á skipulagssvæðinu eru engar vistgerðir eða fágætar plöntutegundir sem búa yfir háu verndargildi. Hins vegar má vænta affalla fugla vegna árekstra á vindmyllurnar sem mun hafa óteljandi áhrif á stofn ábyrgðartegunda Íslands s.s. álfta og heiðlóa. Vegna mögulegra affalla fugla eru áhrif aðalskipulagsbreytingarinnar á gróður og dýralíf metin neikvæð.

Helstu áhrif aðalskipulagsbreytingar vegna tilkomu Búrfellslundar eru ásýndaráhrif vindorkuversins á helstu ferðaleiðir, útivistarsvæði, friðlýst svæði og óbyggð víðerni. Friðlýstu svæðin í grennd við Búrfellslund eru vernduð m.a. vegna landslags auk þess sem í Landsskipulagsstefnu er lögð áhersla á að lágmarka sjónmengun til óbyggðra víðerna. Vegna þess eru áhrif aðalskipulagsbreytingarinnar metin neikvæð á umhverfisþættina ásýnd og landslag og verndarsvæði.

Vegna mögulegrar skerðingar á upplifunargildi nálægra ferðasvæða vegna ásýndar vindorkuversins inn á þessi svæði eru áhrif aðalskipulagsbreytingarinnar á umhverfisþáttinn útivist og ferðaþjónusta metin neikvæð.

Staðsetning Búrfellslundar þykir heppileg hvað varðar nálæga landnotkun. Að auki er skipulagssvæðið nú þegar raskað svo ekki þarf að raska áður óröskuðu svæði. Búrfellslundur hefur auk þess verið endurhannaður með tillit til þess að lágmarka áhrif á landslag eins og kostur er. Að því leyti eru áhrif aðalskipulagsbreytingarinnar metin jákvæð fyrir umhverfisþáttinn landnotkun.

Íbúum stafar ekki ógn af Búrfellslundi vegna staðsetningar. Viðkvæmir viðtakar eru flest allir utan áhrifasvæða þar sem vænta má áhrifa á hljóðvist og skuggavarp, fyrir utan skálann Hald. Áhrif á umferðaröryggi er bundið við framkvæmdatíma. Frá vindorkuverinu berast engar mengandi lofttegundir. Vegna þessara atriða eru áhrif aðalskipulagsbreytingarinnar á umhverfisþáttinn heilsa, vellíðan og öryggi metin óveruleg.

Engar fornminjar eru að finna innan skipulagssvæðisins og áhrif því engin á umhverfisþáttinn minjar.

Hafa skal í huga að ásýnd vindorkuversins er sá þáttur aðalskipulagsbreytingarinnar sem hefur hve mestu umhverfisáhrif, sérstaklega á umhverfisþættina ásýnd og landslag, auk óbeinna áhrifa á umhverfisþættina verndarsvæði og útivist og ferðaþjónustu. Unnið er að endanlegri hönnun á uppröðun vindmylla og ef hún breytist kann það að hafa áhrif á niðurstöður umhverfismats áætlana, sérstaklega hvað varðar sýnileika framkvæmdar. Vegna ásýndaráhrifa vindorkuversins er unnið að samráði við helstu hagsmunaaðila og Land Use Consultants í Skotlandi um að lágmarka ásýnd vindorkuversins inn á viðkvæm svæði og verða niðurstöður umhverfismatsins aðlagðar þegar endanleg uppröðun vindmylla liggur fyrir á deiliskipulagsstigi, ef þess þarf.

Í töflu 1 má sjá samantekt á niðurstöðum umhverfismatsins og samanburð á milli valkosta. Núllkostur fjallar um að ekkert verði aðhafst og svæðið heldur sömu landnotkun áfram. Áhrif núllkosta eru metin

jákvæð fyrir umhverfispættina gróður og dýralíf, ásýnd og landslag, útivist og ferðapjónustu og verndarsvæði. Að öðru leyti eru áhrif núllkosta metin óveruleg á aðra umhverfispætti.

TAFLA 1. Samanburður valkosta

ÁHRIF AF AÐALSKIPULAGSBREYTINGU		NÚLLKOSTUR
JARÐMYNDANIR	Óveruleg áhrif - Á svæðinu eru jarðmyndanir sem búa yfir sérstakri vernd, en verndargildi þeirra telst minna vegna þess að minjarnar eru ekki sýnilegar á yfirborði. Auk þess er svæðið töluvert raskað.	Óveruleg áhrif
GRÓÐUR OG DÝRALÍF	Neikvæð áhrif - Ekki hátt verndargildi vistgerða á svæðinu, en búast má við afföllum fugla vegna vindmyllanna.	Jákvæð áhrif
ÁSÝND OG LANDSLAG	Neikvæð áhrif – Ásýnd vindmyllanna nær til óbyggðra víðerna, friðlýstra svæða sem eru vernduð á grundvelli sérstæðs landslags auk þess að ná inn á helstu útivistarsvæði.	Jákvæð áhrif
SAMFÉLAG	Jákvæð áhrif – Störf á framkvæmdatíma. Störf við viðhald og rekstur. Afleiðd störf.	Óveruleg áhrif
ÚTIVIST OG FERÐAÞJÓNUSTA	Neikvæð áhrif – Möguleg skerðing á upplifunargildi nálægra ferðasvæða.	Jákvæð áhrif
LANDNOTKUN	Jákvæð áhrif – Nýtir nú þegar röskuð svæði og nálæga orkuinnviði.	Óveruleg áhrif
HEILSA, VELLÍÐAN OG ÖRYGGI	Óveruleg áhrif – Viðkvæmir viðtakar eru allir utan áhrifsvæða þar sem vænta má áhrifa á hljóðvist og skuggavarps. Áhrif á umferðaröryggi er bundið við framkvæmdatíma.	Óveruleg áhrif
MINJAR	Engin áhrif	Óveruleg áhrif
VERNDARSVÆÐI	Neikvæð áhrif – Ásýnd vindmyllanna nær til óbyggðra víðerna, friðlýstra svæða sem eru vernduð á grundvelli sérstæðs landslags.	Jákvæð áhrif

Jákvæð áhrif  Neikvæð áhrif  Óveruleg áhrif  Óviss áhrif 

MÁLSMEDFERÐ

Skipulags- og matslýsing

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum þann 14. desember 2022 að kynnt yrði sameiginleg skipulags- og matslýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi og gerð nýs deiliskipulags fyrir allt að 120 MW vindorkuver austan við Sultartanga. Skipulags- og matslýsing var kynnt frá 19. desember 2022 til 15. febrúar 2023 og óskað var eftir umsögnum. Umsagnir og ábendingar bárust frá; Skipulagsstofnun, Vegagerðinni, Landsneti, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands, ÓFEIG og RARIK.

Helstu athugasemdirnar sem í umsögnunum fólust voru að meta þyrfti ásýnd vindmyllanna frá friðlýstum svæðum, óbyggðum víðernum og helstu gönguleiðum og fjallstoppum s.s. Heklu og Löðmundi. Skipulagsstofnun mælti með að unnin yrði sameiginleg umhverfismatskýrsla fyrir aðal- og deiliskipulag. Við gerð aðalskipulagsbreytingarinnar, deiliskipulagsins og sameiginlegs umhverfismats

áætlana var farið yfir alla þætti þeirra umsagna sem bárust og þeir hafðir til hliðsjónar og eftir atvikum tekið tillit til þeirra.

Vinnslutillaga

Tillagan var kynnt á vinnslustigi frá 12. til 19. apríl 2023 á heimasíðu sveitarfélagsins.

Tillaga

Tillagan var auglýst frá _____. 2023 - _____. 2023 þar sem hagsmunaraðilum gafst kostur á að senda inn ábendingar/athugasemdir. Samhliða verður tillagan send helstu umsagnaraðilum.

Umsagnaraðilar


- Skeiða- og Gnúpverjahreppur
- Ásahreppur
- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Minjastofnun Íslands
- Orkustofnun
- Samgöngustofa
- Landgræðslan
- Skógræktin
- Landsnet
- Vegagerðin
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Forsætisráðuneytið
- Veðurstofan
- Landsvirkjun
- Samtök ferðaþjónustunnar
- Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þ.á.m. innan stjórnslu sveitarfélagsins.


UPPDRÁTTUR



Búrfellslundur - vindorkugarður



GILDANDI UPPDRÁTTUR 1:100.000



BREYTTUR UPPDRÁTTUR 1:100.000

SKÝRINGAR

ATVINNA

- SL Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Óbyggð svæði
- E Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Miðlunarlón og stíflur
- I Iðnaðarsvæði

SAMGÖNGUR OG VEITUR

- Stofnvegir á hálendi
- Slóðar
- Gönguleiðir
- Reiðleiðir
- Háspennulína

TAKMARKANIR Á LANDNOTKUN

- HV Hverfisvemd
- Forminjar

SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem auglýst hefur verið skv. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Rangárþings ytra þann _____

f.h. Rangárþings ytra

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann _____



Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028 - Sveitarfélagsuppdráttur - afréttir

Búrfellslundur - vindorkugarður

VERK:	BLADSTÆRÐ:	UNNIÐ:	RÝNT:
102380-02	A4	KDG	IS
MÆLIKVARÐI:	DAGS:	DAGS.BREYT:	
1.100.000	31.03.23		

SAMÞYKKT:
